

Breytingartillaga

við frumvarp til laga um upplýsingaskyldu útgefenda verðbréfa og flöggunaraskyldu.

Frá Óla Birni Kárasyni.

1. Í stað orðanna „eða á eigin reikning“ í a-lið 6. tölul. 4. gr. komi: og fyrir eigin reikning.
2. Við 8. gr.
 - a. Í stað orðanna „auknari tíðni upplýsingagjafar“ í 1. másl. og „aukna tíðni upplýsingagjafar“ í 2. másl. komi: tíðari upplýsingagjöf.
 - b. Fyrirsögn greinarinnar orðist svo: *Tíðari upplýsingagjöf.*
3. Í stað orðanna „fjölda atkvæðisréttar“ í 3. mgr. 20. gr. komi: hlutfall atkvæðisréttar.
4. Í stað orðanna „Þegar aðili varðveitir hluti sem vörsluaðili“ í 2. mgr. 23. gr. komi: Þegar vörsluaðili varðveitir hluti.
5. 3. tölul. 1. mgr. 43. gr. orðist svo: 8. gr. um tíðari upplýsingagjöf.
6. Í stað orðanna „aukna tíðni upplýsingagjafar“ í 2. tölul. 55. gr. komi: tíðari upplýsingagjöf.
7. Við 3. tölul. 59. gr. bætist nýr liður, svohljóðandi: Í stað orðsins „verðbréfaviðskipti“ í 9. mgr. 45. gr. laganna kemur: upplýsingaskyldu útgefenda verðbréfa og flöggunaraskyldu.